

AUGLÝSING
um breytingu á deiliskipulagi þjónustusvæðis HSSA
á Höfn, Sveitarfélaginu Hornafirði.

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti þann 10. janúar 2019 breytingu á deiliskipulagi þjónustusvæðis HSSA (Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands) á Höfn vegna Víkurbrautar 29. Deiliskipulagsbreytingin felur í sér stækkun á byggingarreit undir fyrirhugaða stækkun á hjúkrunarheimili. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Hornafirði, 16. janúar 2019.

Gunnlaugur Róbertsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 30. janúar 2019